



## SVAR

**Viðtakandi:** Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

**Sendandi:** Pröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn fulltrúa Öryrkjabandalagsins, Blindrafélagsins varðandi vefþulu á vef Reykjavíkurborgar – MSS22100274

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 3. nóvember 2022 lagði fulltrúi ÖBÍ fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 5. lið fundargerðar ráðsins s.d..

*Reykjavíkurborg keypti íslensku vefþuluna á sinn vef þann 1. apríl 2020 og hefur greitt af henni gjöld síðan þá. Hins vegar bólar ekkert á „hlusta“ hnappnum á vef borgarinnar. Hvernig stendur á þessum tögum, þegar vitað er að uppsetning lausnarinnar er bæði einföld og fljótleg? Svara er óskað á næsta fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 17. nóvember n.k.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 3. nóvember 2022.

### Svar:

Gengið var frá kaupum á vefþulunni RedSpeaker fyrir vef Reykjavíkurborgar í apríl 2020 með það fyrir augum að innleiða lausnina. Stuttu seinna skall á heimsfaraldur sem hafði mikil áhrif á starfsemi Reykjavíkurborgar. Til að mæta nýjum áskorunum og síbreytilegum aðstæðum þurfti að skerpa á þeim verkefnum sem möguleiki var fyrir starfsfólk að sinna í heimavinnu. Helstu áherslur vefdeildar á þessum tíma voru að uppfæra vefsvæði Reykjavíkurborgar og koma þannig mikilvægum upplýsingum áfram til borgarbúa. Þá var einnig hafin þróun á nýjum vef borgarinnar þar sem unnið var að því að einfalda framsetningu á texta og upplýsingum, með þarfir notenda í fyrirrymi. Þróun á nýjum vef borgarinnar var umfangsmikið verkefni sem lauk á árinu 2022 og í framhaldi getur rekstur og þróun vefsvæðisins hafist aftur með eðlilegu móti.

Í fyrirspurninni kemur fram að „vitað er að uppsetning lausnarinnar er bæði einföld og fljótleg“. Þessi fullyrðing getur vel átt við lítil og meðalstór vefsvæði en með stærri og flóknari vefsvæðum þá eykst flækjustig við uppsetningu slíkra lausna. Vefsvæði Reykjavíkurborgar er bæði stórt og umfangsmikið, t.a.m. inniheldur vefsvæðið um 28.000 vefsíður og er einnig samsett með virkni nokkurra vefumsjónarkerfa sem hvert og eitt hefur ákveðna virkni og sérsmíði. Rekstur og þróun slíks vefsvæðis er því hvorki einföld né fljótleg. Þegar nýjungar eru



innleiddar er mikilvægt að breytingar séu byggðar á prófunum og áframhaldandi rekstur veflægra lausna sé tryggður. Slíkar breytingar eru því bæði tíma- og kostnaðarsamar.

Aðgengismál eru mjög mikilvæg og byggir vefur Reykjavíkurborgar á aðgengisstöðlum um algilda hönnun sem á að gera notendaviðmót vefsins eins aðgengilegt og unnt er. Með því að fara eftir þeim aðgengisstöðlum sem snúa að algildri hönnun er tryggt að öll sem hafa áhuga á að nota vefinn geti gert það án takmarkana. Miðað við skýrslu frá alþjóðlega gæðakerfinu SiteImprove sem mælir og fylgist með aðgengismálum vefsins þá eru þessar niðurstöður helstar fyrir októbermánuð 2022:

- Leitarvélarbærni 87,4 (af 100)
- Efnisleg gæði 97,7 (af 100)
- Aðgengi 82,1 (af 100)
- Heildareinkunn 88,2 (af 100)

Meðaltal opinberra aðila á Norðurlöndunum (e. industry benchmark) er 80,3 og má sjá á þessum niðurstöðum að vefsvæði Reykjavíkurborgar skorar hátt á alþjóðlegum aðgengisstöðlum. Þessi árangur í aðgengismálum er ein forsenda þess að vefurinn var tilnefndur til íslensku vefverðlaunanna 2022 sem besti opinberi vefurinn. Betur má ef duga skal og er til skoðunar hvernig megi bæta aðgengismál enn frekar á vefsvæði Reykjavíkurborgar. Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 15. september 2022 kom fram í kynningu deildarstjóra vefþróunar að m.a. sé upplestur af vef til skoðunar hjá vefdeildinni sbr. 4. lið fundargerðar nefndarinnar s.d..

Á árinu 2021 var áhersla vefdeildar í aðgengismálum á vélþýðingar. Reykjavíkurborg, í samstarfi við máltækni fyrirtækið Miðeind ehf., vannur að þróun hugbúnaðarlausnar í vélþýðingum. Verkefnið hlaut styrk úr *Markáætlun í tungu og tækni* sem er hluti af Máltækniáætlun ríkisins. Sú áætlun stjórnvalda hefur leitt til þess að mikil þróun og framför hefur orðið á íslenskri máltækni og stendur til að skoða hvort að það efni gæti nýst betur en RedSpeaker til upplesturs á vefefni. Nú þegar er í innleiðingu viðbót við leitarvélina þannig hún bjóði upp á raddinnlestur á íslensku og ensku á viðeigandi stöðum vefsvæðisins.

Þetta eru megin ástæður þess að ekki er búið að innleiða RedSpeaker lausnina en upplestur verður innleiddur á vefsvæði borgarinnar þegar greiningarvinnu er lokið og fengin hefur verið niðurstaða í hvaða lausn muni nýtast best m.t.t. m.a. til kostnaðar og þjónustu við notendur. Miðað við áætlanir má gera ráð fyrir að það verði seinni hluta árs 2023. Að lokum má benda á að margir vefvafrar, t.d. Microsoft Edge hafa nú þegar innbyggðan vefupplestur á ýmsum tungumálum, m.a. á íslensku.



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson,  
skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavík